



Farvegur á Cerberus Palus svæðinu

Á þessari mynd sjást endirmörk lítils farvegs skammt frá Athabasca Valles á Mars. Athabasca er dæmi um árfarveg á Mars, líklega myndaður við mikið grunnvatnsflóð. Nú er farvegurinn hins vegar þakinn þunnu hrauni sem rann niður farveginn í kjölfar mikils eldgoss.